



## Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 21. mars 2022 kl. 18:00

**Mætt:** Halldór Jóhannsson (HJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Aðalsteinn Símonarson (AS), Jóhann Egilsson (JE), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

**Fjarverandi:** Sigurjón Andersen (SA), Sigfús B Sverrisson (SBS)

HKS ritaði fundargerð.

---

### 1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Formaður lagði fram tillögu að Baldvin Hansson verði varaformaður, Halldór Jóhannsson gjaldkeri og Aðalsteinn Símonarson ritari. Stjórn samþykkti tillögur formanns samhljóða.

### 2. Starfsmannamál

Endurskoða þarf starfslýsingu framkvæmdarstjóra. Starfslýsingu verður send til stjórnar til yfirlesturs.

AS leggur til að Helga haldi áfram að starfa sem staðgengill framkvæmdastjóra þangað til að stjórn er búin að taka ákvörðun varðandi ráðningu starfsmanns.

Stjórn samþykkti tillögu AS.

Næsti fundur vegna málsins verður 28. mars kl 18:00.

### 3. Námskeiðahald

Námskeið AKÍS verða haldin í fjarfundi.

Keppnisstjóranámskeið 7. apríl.

Dómnefndarnámskeið 23. og 25. apríl.

Keppendafundur 4. maí.

JE spurði hvernig námskeiðin séu auglýst. Passað verður að auglýsa og kynna námskeiðin vel svo að það verði góð mæting.

### 4. Fundartímar stjórnar

Formaður lagði til að fundir væru haldnir fyrsta og þriðja þriðjudag í mánuði. Meirihluti funda færu fram í fjarfundi. Fundartími væri kl 18:00. Stjórn samþykkti þennan fundartíma.

### 5. Valnefnd fyrir Akstursíþróttafólk ársins

Umræða fór fram varðandi valnefnd ákveðið var að fresta þessum lið.

### 6. Önnur mál



Öryggisráð - stjórn þarf að skipa í nýtt öryggisráð.

Verkefni stjórnar og framkvæmdarstjóra - Búið verður til lifandi skjal til að halda utanum öll þau verkefni sem eru í vinnslu hjá sambandinu.

**Næsti fundur 28. mars kl 18:00**

**Fundi slitið kl. 19:08**